

Fréttabréf SAMFOK

Máí 2018

Afmæli og lokahóf

Miðvikudaginn 9. maí var haldið upp á 35 ára afmæli SAMFOK, í leiðinni fögnuðum við lokum „[Allir með](#)“ málþinganna. [Blásið var til veislu í Tjarnarsal Ráðhússins](#). Þar kynntum við m.a. í samstarfi við Móðurmál fyrstu niðurstöðurnar frá málþingunum.

Aðalfundur

[Aðalfundur SAMFOK](#) verður haldinn miðvikudaginn 23. maí kl. 20-21 í Foldaskóla. Hefbundin aðalfundarstörf.

Það vantar fólk í stjórn, áhugasamir endilega hafið samband við skrifstofuna á samfok@samfok.is.

Fulltrúaráðsfundur

Síðari [fulltrúaráðsfundur SAMFOK](#) á starfsárinu verður haldinn í tengslum við aðalfundinn 23. maí kl. 18:45-20 í Foldaskóla. Fulltrúaráð SAMFOK er skipað formönnum foreldrafélaga grunnskólanna og skólaráðsfulltrúum foreldra. Á fulltrúaráðsfundum fer fram gagnkvæm miðlun reynslu og upplýsinga um foreldrastarf, hverjar eru helstu áskoranirnar og hvað hefur gengið vel. Fundirnir eru því mikilvægur vettvangur fyrir SAMFOK og foreldra sem hafa tekið að sér trúnaðarstörf í sínu skólasamfélagi til að hittast og læra af hvort öðru. Núna munum við leggja áherslu á samstarf foreldrafélaga innan hverfa og fræðast um samstarf foreldrafélaganna í Breiðholti.

Viðburðarríkur vetur að baki

Skólaárið sem er að líða hefur verið annríkt en á sama tíma gjöfult í starfsemi SAMFOK. Við höldum 10 málþing á 10 tungumálum fyrir foreldra af erlendum uppruna sem kallast [Allir með – tölum saman um skólamenningu á Íslandi](#) í samvinnu við Móðurmál og einstaka tungumálahópa.



Í vetur náði SAMFOK að halda bekkjarfulltrúanámskeið í þriðjungi allra grunnskóla í Reykjavík. Ennfremur fengum við til okkar fulltrúa frá fleiri skólum á námskeið fyrir stjórnir foreldrafélaga og fulltrúa foreldra í skólaráðum. Þetta öfluga samstarf við grasrótina er mikilvægur vettvangur fyrir SAMFOK til að vinna markvisst að því að efla foreldrastarf í borginni og taka púlsinn á foreldrum varðandi málefni sem þeim finnst skipta máli.

Veturinn hefur verið frábær og við þökkum ykkur öllum fyrir samstarfið. Það er frábært að halda upp á 35 ára afmæli samtakanna eftir svona frábæran vetur.

Skrifstofa SAMFOK

Við hvetjum foreldra til að hafa sambandi við okkur hafi þeir einhverjar spurningar varðandi skólamál. Við veitum upplýsingar og ráðgjöf til foreldra ásamt því að halda námskeið og eigum áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráði.